

afhendingar þar, sem þær eiga að lenda, þegar skipið kemur þangað; en hinum sendingunum skal koma með landpóstum. **127**
14. nóv.

— *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um endurgreiðslu á ofheimtuðum tolli.* — Í þóknanlegu brjefi 11. f. m. hafið þjer, herra bæjarfógeti, skýrt frá, að með pósthafskipinu Arktúrusi hafi í síðustu ferð þess komið hingað til faktors Chr. Zimsens 80 fl. af víni, er á vöruskrá skipsins frá 27. sept. þ. á. hafi verið talið «portvin» og «sherry». Hafið þjer því heimitað 30 aura toll af öllum þessum vínföngum, samkvæmt lögum frá 11. febr. þ. á., en síðan hafið þjer komið að raun um, að ekki hafi verið sherry nema í 30 fl. og rauðavín í hinum 50, og hafi eptir því verið heimitað 7 kr. 50 aur. of mikið í toll. Hafið þjer ætlað, að þjer hefðunð ekki vald til að skila fje þessu aptur, og fyrir því mælt til, að jeg samþykkti endurgreiðslu þess. **128**
14. nóv.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð, að heri svo til, er lögreglustjóri rannsakar hinar tollskyldu vörur, að honum reynist missagt til þeirra í tollseðli skipsins eða farmskrá, mun ekkert því til fyrirstöðu samkvæmt 2. gr. laganna frá 11. febr. þ. á., að hann lagfæri tollheimtu sína samkvæmt því, sem sannast hefir, og láti hann vottorð sitt um það fylgja tollreikningnum. Fyrir því mun bæjarfógetanum heimilt að endurgreiða Chr. Zimsen verzlunarstjóra þær 7 kr. 50 aura, er hann hefir ofheimtað í toll, og telja fje þetta með útgjöldum í tollreikningnum, sannizt það, að það hafi verið rangtekið, og verði vottorð lögreglustjóra látið fylgja reikningnum.

— *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um breytingu á dýrleika jarðar.* — Með þóknanlegu brjefi 2. f. m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað bónarbrjef Gísla B. Hjálmarssonar á Æsustöðum, þar sem hann fer þess á leit, að jörð þessi, er orðið hefir fyrir miklum skemmdum síðan hið nýja jarðamat fór fram, verði færð niður að hundraðatali, og spyrjið þjer, hverja aðferð hafa þurfi til þess að fá hundraðatal jarðarinnar leiðrjett. **129**
14. nóv.

Út af þessu verð jeg að leiða athygli yðar að því, að dýrleika þeim, sem ákveðinn er í jarðabókinni frá 1861, verður ekki breytt nema með samþykki löggjafarvaldsins, og skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda, að framkvæmdarvaldinu muni varla þykja ástæða til að stinga upp á því, að farið verði að breyta dýrleika einnar jarðar, nema því að eins, að það sannist með löglegri skoðunargjörð, að jörðin hafi gengið mjög mikið úr sjer, og það því síður, sem ælla má að eigi verði langt að biða gjörsamlegrar endurskoðunar á öllu jarðamatinu.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturundæminu um skiptingu Bjarnanesshrepps í tvo hreppa.* — Með þóknanlegu brjefi frá 25. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer bónarbrjef hreppsnefndarinnar í Bjarnanesshreppi, um, að hreppi þessum, sem tekur yfir 3 kirkjusóknir, Bjarnaness, Hoffells og Einhólts, sje skipt í 2 hreppa, og verði Einholtssókn hreppur útaf fyrir sig, en Bjarnanessókn og Hoffellssókn einn hreppur. Sýslunefndin í Skaptafellssýslu hefir mælt með þessari beiðni, og þjer, herra amtmaður, samkvæmt þessum meðmælum lagt það til, að skiptingin verði samþykkt. Hafið þjer jafnframt skýrt frá, að Bjarnanesshreppur hafi að undanfögnu **130**
14. nóv.